

Samherji fiskeldi ehf.
Glerárgata 30
600 Akureyri

Akureyri 1. febrúar 2019
UST201705-268/S.R.B.
08.12.01

Tilkynning um ákvörðun Umhverfisstofnunar um útgáfu á starfsleyfi fyrir landeldi Samherja fiskeldi ehf. í Öxarfirði

Umhverfisstofnun vísar til umsóknar Samherja fiskeldi ehf. vegna stækkunar landeldis í Öxarfirði.

Stofnunin hefur nú tekið ákvörðun um útgáfu á starfsleyfi fyrir rekstaraðila til að framleiða allt að 3.000 tonn á ári af laxi og/eða bleikju að Núpsmýri í Öxarfirði.


Starfsleyfið byggist á skilyrðum á grundvelli reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sem sett er með stoð í 5. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, sbr. 1. mgr. 6. gr. laganna.


Ákvörðun Umhverfisstofnunar er kæránleg til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála innan eins mánaðar frá birtingu ákvörðunar Umhverfisstofnunar skv. 1. mgr. 65. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, sbr. 4. gr. laga nr. 130/2011, um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála.

Starfsleyfið öðlast þegar gildi og gildir til 31. janúar 2031.

Hjálagt er starfsleyfið ásamt greinargerð vegna útgáfu þess.

Virðingarfyllst


Steinar Rafn Beck Baldursson
sérfræðingur


Agnar Bragi Bragason
teymisstjóri

STARFSLEYFI

Framleiðsla á laxi og/eða bleikju

Samherji fiskeldi ehf.,

Núpsmýri í Öxarfirði

Lögheimili:

Glerárgata 30, Akureyri,

Kt.: 610406-1060

1. ALMENN ÁKVÆÐI

1.1 Rekstraraðili

Starfsleyfi þetta gildir fyrir Samherja fiskeldi ehf., kt. 610406-1060, fyrir landeldi á 3.000 tonna ársframleiðslu af laxi og/eða bleikju að Núpsmýri í Öxarfirði. Samherji fiskeldi ehf. er hér eftir nefndur rekstraraðili.

Komi nýr aðili að rekstrinum getur hann sótt um að starfsleyfið verði fært yfir á sig án þess að gefið verði út nýtt starfsleyfi. Með umsókninni skulu fylgja gögn sem sýna fram á að rekstaraðilinn hafi tekið við rekstrinum.

Rekstraraðili getur falið verktaka að annast verk fyrir sig, enda hafi hann þá gengið úr skugga um að viðkomandi hafi öll tilskilin opinber leyfi.

Rekstraraðili ábyrgist þó áfram að ákvæðum starfsleyfisins sé fylgt.

Rekstraraðila ber að uppfylla gildandi lög og reglugerðir á starfssviði sínu og haga starfsemi í samræmi við gildandi skipulagsáætlanir.

1.2 Umfang starfseminnar

Starfsleyfið tekur til ársframleiðslu á 3.000 tonnum af laxi og/eða bleikju að Núpsmýri í Öxarfirði. Hámark lífmassa á hverjum tíma er 3.000 tonn.

Bendi niðurstöður umhverfisvöktunar, sbr. gr. 5.1, til þess eða Umhverfisstofnun hefur með öðrum hætti upplýsingar um uppsöfnun næringarefna eða að aðrar óhagstæðar aðstæður í umhverfinu eða náttúrunni hafi komið upp að mati Umhverfisstofnunar getur hún einhliða endurskoðað eldisfyrirkomulagið.

1.3 Eftirlit

Umhverfisstofnun hefur eftirlit með starfsemi rekstraraðila í samræmi við ákvæði X. kafla reglugerðar nr. 550/2018, um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit.

Eftirlit felst m.a. í reglubundinni skoðun á vettvangi, móttöku athugasemda, fyrirspurna og yfirferð gagna sem rekstraraðila ber að skila. Viðbótareftirlit getur m.a. farið fram vegna nýs búnaðar, vegna kvartana, frávikaæða sérstakra úttekta vegna áætlana sem rekstraraðili hefur gert um úrbætur.

1.4 Breytingar á rekstri

Rekstraraðili skal veita útgefanda starfsleyfis upplýsingar um fyrirhugaðar breytingar á rekstri með góðum fyrirvara áður en ráðist verður í þær, sbr. 1.mgr. 13. gr. reglugerðar nr. 550/2018. Á grundvelli þeirra metur stofnunin hvort nauðsynlegt sé að gefa út nýtt starfsleyfi sbr. 2. mgr. 13. gr. reglugerðarinnar.

1.5 Gangsetning og stöðvun rekstrar (lokun)

Áætlun um frágang vegna rekstrarstöðvunar skal vera til staðar og fjalla skal þar annars vegar um tímabundna rekstrarstöðvun og hins vegar um varanlega rekstrarstöðvun. Í áætlun skal gera grein fyrir hvernig gengið skuli frá fiski, úrgangi, efnaafgöngum, húsnæði, tækjum og rekstrarsvæði. Í áætluninni skal alltaf gengið út frá því að lágmarka möguleg mengunaráhrif og skal tryggja að ekki sé skilið eftir hráefni í starfsstöðinni eða á lóð hennar. Einnig skal vera ákvæði um næstu endurskoðun hennar. Rekstraraðili skal tilkynna eftirlitsaðila um stöðvun rekstrar um leið og sú ákvörðun liggur fyrir og um aðgerðir sínar skv. áætluninni innan þriggja mánaða frá því að þeim lýkur.

Tilkynna skal eftirlitsaðila um gangsetningu ef fiskeldið hefur legið niðri í meira en mánuð. Vinna skal samkvæmt neyðaráætlun um meðhöndlun eldisfisksins sbr. ákvæði greinar 2.6, ef kemur til óvæntrar stöðvunar á rekstri stöðvarinnar.

Tilkynna skal eftirlitsaðila um það ef eldið hefst aftur hafi starfsemin legið niðri.

1.6 Endurskoðun starfsleyfis

Endurskoða skal starfsleyfið reglulega, sbr. 15.gr. laga nr. 7/1998 og 14.gr reglugerðar nr. 550/2018.

Einnig er skylt að endurskoða starfsleyfið ef forsendur rekstrarins breytast með eftirfarandi hætti, sbr. 14. gr. reglugerðar nr. 550/2018:

- Ef rekstraraðili breytir rekstrinum með þeim hætti að tilkynningaskyld er sbr. gr. 1.4.
- Þegar mengun af völdum stöðvar er slík að nauðsynlegt reynist að endurskoða gildandi viðmiðunarmörk fyrir losun sem tilgreind eru í starfsleyfi eða láta ný viðmiðunarmörk koma fram í leyfinu.
- Þegar nota þarf aðra tækni vegna rekstraröryggis.
- Þegar nauðsynlegt er að fara að nýjum eða endurskoðuðum umhverfisgæðastöðlum í samræmi við 11. gr. reglugerðar 550/2018.
- Ef breytingar verða á bestu aðgengilegu tækni sem gera það kleift að draga umtalsvert úr losun mengunarefna. Ef breytingar verða á viðmiði um bestu aðgengilegu tækni (BAT) skal rekstraraðili senda útgefanda starfsleyfis, skv. beiðni útgefandans, tímasetta áætlun sem fjallar um með hvaða hætti hann hyggist taka upp hina nýju tækni en rökstyðji annars að honum sé það ekki mögulegt.
- Ef breytingar verða á lögum eða reglum um mengunvarnir eða annað sem snertir reksturinn.
- Ef vöktun leiðir í ljós að umhverfismarkmið sem sett hafa verið fyrir umrætt vatnshlot á grundvelli laga nr. 36/2011 um stjórn vatnamála, nást ekki. Endurskoðun skal tryggja að umhverfismarkmiðum verði náð.

Við endurskoðun starfsleyfis skal tekið tillit til þess að kröfur í starfsleyfum fyrir fiskeldi, þ.m.t. kröfur vegna frárennismála, séu samræmdar eins og aðstæður gefa tilefni til og jafnræðis gætt. Ef nauðsynlegt reynist að mati stofnunarinnar getur útgefandi krafist endurskoðunar starfsleyfisins.

Rekstraraðila er þó ætíð skylt að fara að gildandi lögum og reglugerðum, sbr. gr. 1.1, jafnvel þótt starfsleyfi hafi ekki verið endurskoðað.

1.7 Valdsvið og þvingunarúrræði

Fylgi rekstraraðili ekki ákvæðum starfsleyfis, laga og reglugerða á starfssviði sínu, eða fyrirmælum eftirlitsaðila um úrbætur, getur eftirlitsaðili beitt ákvæðum XVII. kafla laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, til að knýja fram úrbætur.

Eftirlitsaðila er þannig m.a. heimilt að veita tilhlýðilega fresti til úrbóta og veita áminningu sbr. 1. og 2. tl. 1. mgr. 60. gr. laganna.

Sinni rekstraraðili ekki fyrirmælum um úrbætur innan tiltekins frests er eftirlitsaðila heimilt sbr. 1. mgr. 61. gr. laganna að ákveða rekstraraðila dagsektir eða að láta vinna verk á kostnað rekstraraðila.

Jafnframt er eftirlitsaðila heimilt sbr. 3. tl. 1. mgr. 60. gr. laganna, ef um alvarleg tilvik eða ítrekuð brot er að ræða, eða ef rekstraraðili virðir ekki fyrirmæli um úrbætur innan tiltekins frests, að stöðva eða takmarka starfsemi rekstraraðila, eða að afturkalla starfsleyfið.

Telji Umhverfisstofnun að um alvarlega hættu sé að ræða og aðgerð þoli enga bið, er stofnuninni heimilt að stöðva rekstur til bráðabirgða þegar í stað og tilkynna það heilbrigðisnefnd sbr. 63. gr. laganna.

1.8 Upplýsingaréttur almennings

Almenningur á rétt á aðgengi að upplýsingum um starfsleyfi, starfsleyfisumsókn og mengunareftirlit í samræmi við ákvæði í kafla VI. viðauka reglugerðar nr. 550/2018.

Umhverfisstofnun birtir eftirlitsniðurstöður og önnur viðeigandi gögn samkvæmt grein 1.3 og 1.7 opinberlega. Birtingin er á vefsíðu stofnunarinnar eða með öðrum aðgengilegum hætti. Að öðru leyti vísast til upplýsingastefnu stofnunarinnar.

1.9 Umhverfisábyrgð

Rekstraraðili ber ábyrgð á umhverfistjóni eða yfirvofandi hættu á slíku tjóni af völdum atvinnustarfsemi sbr. lög nr. 55/2012, um umhverfisábyrgð, og skal koma í veg fyrir tjón eða bæta úr tjóni ef það hefur orðið og bera kostnað af ráðstöfunum sem af því leiðir.

2. STARFSHÆTTIR

2.1 Starfshættir og umhverfismarkmið

Rekstraraðili skal beita góðum starfsreglum við reksturinn. Í því felast aðgerðir til að draga úr hugsanlegum umhverfisáhrifum. Gerðar skulu nauðsynlegar ráðstafanir til þess að koma í veg fyrir mengunaróhöpp og draga úr afleiðingum þeirra.

Rekstraraðili skal setja sér umhverfismarkmið og starfa samkvæmt þeim. Umhverfismarkmiðin skulu liggja fyrir 1. mars 2018 og endurskoðuð á a.m.k. fjögurra ára fresti. Ef umhverfismarkmið eru hluti af umhverfisstjórnunarkerfi rekstraraðila er fullnægjandi að vísa til þeirra.

2.2 Samskipti og samráð

Sérstakur fulltrúi rekstraraðila skal vera tengiliður við eftirlitsaðila og ber hann ábyrgð á samskiptum rekstraraðila vegna eftirlits með mengunarvörnum og framkvæmd viðbragðsáætlana. Eftirlitsaðili getur haft samband við þennan aðila utan hefðbundins starfstíma ef þörf krefur.

2.3 Verkstjórn og takmörkun aðgangs

Tryggja skal að starfsfólk hafi fullnægjandi þekkingu á eitrunarhættu og eiginleikum þeirra efna sem það gæti komist í tæri við og skulu upplýsingar þar að lútandi ávallt vera tiltækar á vinnustað. Rekstraraðila er skylt að ganga þannig frá olíubirgðum, olíuúrgangi, eiturefnum og hættulegum efnum að ekki sé hættu á að þessi efni berist út í umhverfið, í sjó, í yfirborðsvatn eða í grunnvatn. Rekstraraðili skal halda rekstrarsvæði sínu snyrtilegu. Eftirlitsaðili getur krafist lagfæringa og viðgerða á lóð, girðingu eða öðrum mannvirkjum ef nauðsynlegt þykir til þrifnaðar eða ef ástand þeirra er til lýta fyrir umhverfið.

2.4 Umhverfisstjórnunarkerfi

Rekstraraðili getur valið að vinna eftir umhverfisstjórnunarkerfi, kjósi hann það. Velja má staðlað umhverfisstjórnunarkerfi, t.d. ISO 14001, eða þátttöku í umhverfisstjórnunarkerfi ESB, sbr. reglugerð nr. 344/2013 um frjálsa þátttöku fyrirtækja og stofnana í umhverfisstjórnunarkerfi Evrópusambandsins (EMAS).

2.5 Áhættumat og viðbragðsáætlun vegna hættu á mengun hafs og stranda

Rekstraraðili skal vera með viðbragðsáætlun sem unnin er á grundvelli áhættumats sem að lágmarki felur í sér skilyrði í viðauka I.b. í lögum nr. 33/2004, um varnir gegn mengun hafs og stranda. Viðbragðsáætlun skal vera tiltæk starfsmönnum á vinnustað og aðgengileg eftirlitsaðila.

2.6 Neyðaráætlun

Neyðaráætlun skal vera tiltæk ef kemur til óvæntrar stöðvunar á rekstri eldisstöðvarinnar.

Neyðaráætlunin skal innihalda tillögur um meðferð og förgun eldisfisksins þann tíma sem eldisstöðin er ekki í rekstri og skal endurskoðuð reglulega.

2.7 Viðbrögð við mengunaróhöppum

Verði óhapp sem getur haft í för með sér losun mengandi efna út í umhverfið skal þegar í stað grípa til aðgerða til að koma í veg fyrir útbreiðslu mengunarefna og til að fyrirbyggja að mengun valdi skaða á umhverfinu. Eftir því sem við á skal fylgja viðbragðsáætlun, sbr. gr. 2.5. Rekstraraðila ber að hreinsa þá mengun sem kann að verða við óhöpp eða önnur atvik, á sinn kostnað. Tilkynna skal eftirlitsaðila um mengunaróhapp eins fljótt og mögulegt er. Jafnframt skal viðkomandi heilbrigðisnefnd upplýst um óhappið. Greina skal eftirlitsaðila frá því ef hættu er talin á neikvæðum afleiðingum fyrir umhverfið.

Rekstraraðili skal fara yfir öll óhöpp og gera ráðstafanir sem miða að því að hindra að sambærileg atvik endurtaki sig. Eftirlitsaðili skal upplýstur um slíkar ráðstafanir.

2.8 Tilkynningar vegna mengunaróhappa

Ef óhapp verður sem þarfnast tafarlausra aðgerða skal hafa samband við neyðarlínuna 112. Tilkynna skal eftirlitsaðila um mengunaróhapp eins fljótt og mögulegt er. Jafnframt skal Heilbrigðisnefnd upplýst um óhappið. Greina skal eftirlitsaðila frá því ef hættu er talin á neikvæðum afleiðingum fyrir umhverfið. Einnig skal rekstraraðili fara yfir atvikið og gera ráðstafanir sem miði að því að hindra að sambærilegt atvik endurtaki sig. Eftirlitsaðili skal upplýstur um slíkar ráðstafanir.

2.9 Tryggingar vegna bráðamengunar hafs og stranda

Rekstraraðili skal taka ábyrgðartryggingu eða leggja fram aðra fullnægjandi tryggingu sem Umhverfisstofnun metur gilda, að upphæð 1 milljón SDR, sbr. ákvæði 16.gr. laga nr. 33/2004.

2.10 Breytingar á mælingum

Eftirlitsaðili getur, telji hann ástæðu til, farið fram á tíðari mengunarmælingar eða efnagreiningar en starfsleyfið gerir ráð fyrir eða heimilað að dregið verði úr tíðni mælinga eftir því sem við á.

3. VARNIR GEGN MENGUN YTRA UMHVERFIS

FÓÐURGJÖF

3.1 Fóðurgjöf og val á fóðri

Fóðurgjöf og vali á fóðri skal stýrt þannig að myndun úrgangs sé í lágmarki, t.d. með fóðrunarkerfi sem tekur tillit til vaxtarlíkana.

VATNSGÆÐI OG LÍFRÍKI

3.2 Eldisvatn

Rekstraraðili skal sjá til þess að eldisvatnið uppfylli kröfur til fiskeldis. Nýting á vatni skal vera eins góð og kostur er.

3.3 Efnalosun

Losun fosfórs í frárennsli má ekki fara yfir 7,0 kg/tonn af framleiddum fiski og 60 kg/tonn af köfnunarefni. Rekstraraðila er ekki heimil önnur losun á þeim efnum sem talin eru upp í listum I og II í viðauka reglugerðar nr. 796/1999, um varnir gegn mengun vatns.

Þar sem fráveituvatn er leitt í á eða vatn, skal eftirfarandi gilda 1 meter frá útrás:

- Hámarks breyting af völdum frárennslis : 2°C
- Súrefnismettun, lágmark: 70%
 - Má ekki fara undir 6 mg O₂/l
 - Má ekki fara yfir 9 mg O₂/l 50% af tímanum
- Hámarksbreyting á sýrustigi vegna frárennslis : 0,5
- Ammóníak NH₃: minna en 0.025 mg/l
- Súrefnisnotkun BOD₅: hæst 4mg O₂ /l (eða hæst COD: 20 mg/l)
- HOCl: hæst 0,004 mg/l
- Olíu og fitubrák má ekki sjást
- Hámarksaukning á svifögnum vegna frárennslis : 2 mg/l.

Vegna þess að frárennslið er í jökulá skal einnig mæla 5 metra fyrir ofan útrás.

3.4 Frárennsli

Um losun og frágang við útrás frárennslis gildir reglugerð nr. 798/1999, um fráveitur og skólp, sbr. 9. gr. reglugerðarinnar. Mannvirki við útrás frárennslis skal tryggilega frágengið þannig að það sé viðunandi rennsli. Viðunandi rennsli einkennist af því að ekki myndist pollar eða að sjá megi uppsöfnun næringarefna nærri útrásinni. Umhverfisstofnun getur skilgreint nánar hvort rennslið sé viðunandi. Taka skal myndir við útrásina til að fylgjast með hvort starfsemin hafi áhrif á umhverfið þar í kring á tveggja mánaða fresti.

Rekstraraðili skal tryggja viðunandi hreinsun frárennslisvatns með settjörn, tromlusíu eða öðrum sambærilegum eða betri búnaði sem hreinsar frárennslid. Settjörn skal hreinsuð með fullnægjandi hætti á að minnsta kosti 3ja ára fresti og fara fram fyrir 15.maí. Fyrsta hreinsun skal fara fram fyrir 15.maí 2019.

Verði vart við uppsöfnun mengunarefna við útrásina getur Umhverfisstofnun sett rekstraraðila frest til að framkvæma einhverja eftirfarandi aðgerða eða fleiri aðgerðir í einu:

- Frágangur útrásar sé bættur.
- Frárennslisvatn verði vel hreinsað með frekari hætti.
- Rekstraraðila verði gert að finna aðra varanlega lausn á málinu.

Í alvarlegri tilvikum getur Umhverfisstofnun beitt ákvæðum greinar 1.7.

Við útrásir þar sem fráveituvatni er veitt í viðtaka, sbr. grein 3.3 , má ekki vera:

- Set eða útfellingar.
- Þekjur af rotverum (bakteríur og sveppir).
- Olía eða froða.
- Sorp eða aðrir aðskotahlutir.
- Efni sem veldur óþægilegri lykt, lit eða gruggi.

3.5 Lífríki og flokkun vatns

Fiskeldi má ekki valda fækkun tegunda í lífríki, sbr. þó grein 3.7. Rekstraraðila ber að sjá til þess að vatnsgæðum í viðtaka hraki ekki vegna fiskeldis. Útgefanda starfsleyfis er heimilt að endurskoða það, sbr. grein 1.6, ef ástand vatns fer hrakandi vegna rekstrarins og hætta er á að það falli niður um flokk eða hafi fallið niður um flokk samkvæmt 9. og 10. grein reglugerðar nr. 796/1999, um varnir gegn mengun vatns.

3.6 Frárennslis frá starfsmannaaðstöðu

Rekstraraðili skal uppfylla kröfur í reglugerð nr. 798/1999 um varnir geng mengun vatns. Frárennslis frá starfsmannaaðstöðu skal vera aðskilið frá fráveitu eldisins.

3.7 Meindýravarnir

Verði vart við meindýr skal sjá til þess að þau hafist ekki við eða taki sér bólfestu á athafnasvæðum rekstraraðila. Rekstraraðili skal hindra aðgang villtra fugla og spendýra sem sækja að útrás stöðvarinnar. Ávallt skulu þó slíkar ráðstafanir vera í samræmi við lög um veiðar og dýravernd.

ÚRGANGUR

3.8 Dauður fiskur

Rekstraraðili skal hafa útbúnað sem fangar dauðan fisk úr stöðinni og úr frárennslisvatni áður en það fer í frárennslis. Um meðhöndlun fisksins gilda ákvæði greinar 3.9.

3.9 Meðhöndlun úrgangs og spilliefna

Ekki er heimilt að farga neins konar úrgangi um niðurföll. Draga skal skipulega úr myndun úrgangs. Ef endurnotkunar- og endurnýtingarmöguleikar eru fyrir hendi skal koma úrgangi í slíka vinnslu ef kostur er. Að öðrum kosti skal lífrænn úrgangur fluttur til viðurkenndrar eyðingar eða urðunar. Ganga skal frá honum í þétt lokuð ílát eða gáma sem losaðir eru eftir þörfum. Þrífa skal ílátin/gámana eftir notkun. Spilliefnum og lyfjaafgöngum skal komið til viðurkenndrar spilliefnamóttöku.

3.10 Umgengni um mengandi efni

Rekstraraðila er skylt að ganga þannig frá olíubirgðum, olíuúrgangi, eiturefnum og hættulegum efnum að ekki sé hætt á að þessi efni berist út í umhverfið, í sjó, í yfirborðsvatn eða í grunnvatn. Fylgja skal ákvæðum reglugerðar nr. 884/2017, um varnir gegn olíumengun frá starfsemi í landi.

ANNAÐ

3.11 Efnanotkun, öryggisblöð og skiptireglan

Rekstraraðili skal vinna samkvæmt efnalögum nr. 61/2013 og reglugerð nr. 888/2015 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni (REACH) sem og öðrum reglugerðum sem gilda um efni og efnablöndur. Við alla efnameðferð skal gæta þess að öryggisblöð séu aðgengileg og uppfærð. Sé þess kostur skal skipta út efnum eða efnablöndum sem eru talin geta haft í för með sér óæskileg áhrif á heilsu manna eða skaðað umhverfið. Við geymslu og meðhöndlun efna skal takmarka aðgengi og mengunarhættu eins og kostur er. Við mengunaróhöpp skal fylgja viðbragðsáætlunum skv. greinum 2.7 og 2.8.

4. INNRA EFTIRLIT OG VÖKTUN

4.1 Skráningar

Rekstraraðili skal hafa reglulegt eftirlit með umhverfis- og rekstrarþáttum sem geta valdið mengun eða losun efna út í umhverfið. Skrá skal upplýsingar um eftirfarandi atriði og skulu skráningar vera aðgengilegar eftirlitsaðila hvenær sem er:

- framleiðslumagn og afföll,
- fóðurnotkun, fóðurnýtingu og fóðurgerð,
- magn og gerð hreinsiefna, sótthreinsiefna og lyfja sem notuð eru í stöðinni,
- kvartanir vegna starfseminnar,
- bilanir og óhöpp sem valdið gætu mengun,
- allan úrgang sem verður til í framleiðslunni og meðhöndlun hans,
- þjálfun og reynslu starfsfólks sbr. gr. 2.3.,
- staðsetningu og framleiðslumagn á hverjum stað,
- teikningar af frárennsli,
- niðurstöður mælinga,
- losun næringarefna,
- tæmingu olíugildra,
- hreinsun á mengunarvarnabúnaði,
- lyfjagjöf.

4.2 Búnaður til sýnatöku

Aðstaða skal vera til sýnatöku í frárennsli áður því er veitt til sjávar. Umhverfisstofnun getur sett nánari skilyrði um hvernig staðið er að sýnatöku og hvaða aðila sé falið að taka sýni.

4.3 Sýnataka úr frárennsli og losun næringarefna

Taka skal sýni og mæla svifagnir og lífrænt efni (TOC, COD eða BOD5) í frárennsli. Fyrsta mælingin skal fara fram fyrir 1. mars 2019 næstu mælingu skal lokið fyrir árslok 2019 og síðan skal gera mælingar á a.m.k. þriggja ára fresti. Fylgjast skal með losun næringarefna, þ.e. fosfórs og köfnunarefnis með því að reikna hana út frá innihaldi fóðurs og upptöku næringarefna í eldinu. Umhverfisstofnun getur einnig farið fram á mælingar á heildarfosfór og heildarköfnunarefni.

4.4 Skýrslur til eftirlitsaðila

Rekstraraðili skal taka saman ársyfirlit og senda til eftirlitsaðila fyrir 1. maí ár hvert. Í yfirlitinu skulu koma fram niðurstöður mælinga og skráninga, sbr. kröfur í 3., 4. og 5. kafla. Þá skulu koma fram þær upplýsingar sem liggja fyrir um flokkun vatns, sbr. ákvæði greinar 3.5.

4.5 Grænt bókhald

Rekstraraðili skal færa grænt bókhald í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 851/2002, um grænt bókhald. Skila skal niðurstöðum árlega í samræmi við ákvæði viðeigandi reglugerða, en heimilt er að sameina skilin ársyfirliti sbr. gr. 4.4. Skilafrestir framlengjast þó ekki við það.

5. UMHVERFISVÖKTUN

5.1 Vöktunarmælingar

Rekstraraðili skal taka þátt í vöktun á helstu umhverfisþáttum í nágrenni eldisstöðvarinnar og útrásarinnar í samræmi við umfang losunar fyrirtækisins í þeim tilgangi að meta það álag á umhverfið sem starfsemin veldur. Umhverfisstofnun getur tekið ákvörðun um að gera breytingar á fyrirkomulagi umhverfisvöktunar telji stofnunin að ástæða sé til.

Rekstraraðili skal senda Umhverfisstofnun niðurstöður skráninga, sbr. gr. 4.1, fyrir 1. maí ár hvert fyrir undangengið almanaksár, sbr. 19. gr. laga nr. 55/2003.

Rekstraraðila er heimilt að vísa til ársskýrslu ef þar er að finna ofangreindar niðurstöður.

5.2 Kostnaður

Rekstraraðili skal greiða allan kostnað við rannsóknir tengdum vöktunarmælingum og öðrum mælingum sem Umhverfisstofnun leitar eftir skv. starfsleyfi þessu. Mælingar skulu vera í höndum rekstraraðila eða aðila sem rekstraraðili tilnefni og Umhverfisstofnun samþykkir.

6. GJALDSKYLDA

Starfsemi þessi er flokkuð í 1. eftirlitsflokk í gjaldskrá fyrir verkefni og þjónustu Umhverfisstofnunar. Rekstraraðili greiðir Umhverfisstofnun gjald vegna útgáfu og kynningar starfsleyfisins og greiðir eftirlitsaðila gjald vegna reglubundins eftirlits skv. gjaldskrá Umhverfisstofnunar. Gjald vegna viðbótareftirlits, svo sem vegna vanefnda eða kvartana, greiðist sérstaklega samkvæmt gjaldskrá.

7. GILDISTAKA


Starfsleyfi þetta, sem er veitt samkvæmt reglugerð nr. 550/2018, um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit, sbr. lög nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir öðlast þegar gildi og gildir til 31. janúar 2031.

Ákvörðun Umhverfisstofnunar um útgáfu starfsleyfis er kæránleg til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála innan eins mánaðar frá birtingu ákvörðunar Umhverfisstofnunar skv. 65. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, sbr. 4. gr. laga nr. 130/2011, um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála.

Greinargerð fylgir starfsleyfinu í fylgiskjali I þar sem farið er yfir málsmeðferðina, tekin afstaða til niðurstöðu mats á umhverfisáhrifum ef við á og gerð grein fyrir afstöðu útgefanda starfsleyfis til athugasemda sem bárust.

Reykjavík 31. janúar 2019

Umhverfisstofnun



Kristín Linda Árnadóttir
forstjóri



Hildur Vésteinsdóttir
sviðsstjóri

VIÐAUKI

Yfirlit yfir skiladaga:

Í eftirfarandi ákvæðum starfsleyfisins eru ákveðnir skiladagar tilgreindir:

- Skv. grein 4.3 skal fyrsta mælingin á frárennsli fara fram fyrir 1. mars 2019, næstu mælingu skal lokið fyrir árslok 2019 og mælingar eftir það vera á a.m.k. þriggja ára fresti.
- Taka skal saman ársyfirlit og senda til eftirlitsaðila fyrir 1. maí ár hvert skv. grein 4.4.
- Grænu bókhaldi skal skila í samræmi við ákvæði viðeigandi reglugerða.
- Umhverfismarkmið skv. grein 2.1 skulu liggja fyrir skulu liggja fyrir 1. mars 2019 og endurskoðuð á fjögurra ára fresti.

Sé misræmi á milli þessa viðauka og megintexta starfsleyfisins gildir megintextinn.

Um ákvörðun losunarmarka:

- i. Umhverfisstofnun hefur í grein 3.3 sett viðeigandi losunarmörk á fosfór í frárennsli (7,0 kg/tonn af framleiddum fiski). Samkvæmt ákvæðum greinar 7.2 í reglugerð nr. 796/1999, um varnir gegn mengun vatns, er slík losun eingöngu heimil ef hún er byggð á heimild í starfsleyfi og að í leyfinu séu sett losunarmörk. Ákvörðun markanna byggist á almennu mati á viðtaka og umfangi starfseminnar.
- ii. Skilyrði um útrásir þar sem fráveituvatni er veitt í viðtaka í grein 3.4 eru samkvæmt ákvæðum fylgiskjals 1A. í reglugerð nr. 798/1999, um fráveitur og skólp.
- iii. Mælingar á lífrænu efni í grein 4.3 eru til upplýsinga en ekki til að uppfylla losunarmörk.

Fylgiskjal I

Greinargerð vegna vinnslu starfsleyfis fyrir Samherja fiskeldi ehf.

1. Almenn:

Samherji fiskeldi ehf. (kt: 610406-1060), Glerárgötu 30, 600 Akureyri hefur verið með starfsleyfi til framleiðslu á 1.600 tonnum af sandhverfu, lúðu, laxi og bleikju að Núpsmýri í Öxarfirði. Umhverfisstofnun barst umsókn frá Samherja fiskeldi ehf. þann 30.5.2017 vegna stækkunar eldisstöðvarinnar úr 1.600 tonnum í 3.000 tonn á laxi og/eða bleikju. Umsóknin var samþykkt þann 25.04.2018 og send á viðeigandi heilbrigðisnefnd þann 26.04.2018 til umsagnar ásamt áliti um hugsanlega mengun sbr. gr. 8.3 í rg. nr. 785/1999. Engar athugasemdir bárust frá heilbrigðisnefnd vegna umsóknar Samherja fiskeldi ehf.

Umhverfisstofnun auglýsti tillögu að starfsleyfi opinberlega á tímabilinu 26. nóvember til og með 27. desember 2018 og gafst á þeim tíma tækifæri til að koma með athugasemdir við hana. Tillagan var auglýst í samræmi við gildandi aðalskipulag Norðurlands en deiliskipulag fyrir svæðið liggur ekki fyrir. Umhverfisstofnun leitaði umsagnar skipulags- og byggingarfulltrúa sveitarfélagsins með tölvupósti þann 31.10.2018.

Umhverfisstofnun tilkynnti auk þess í tölvupósti um auglýsingu starfsleyfis til valinna aðila, þ.e. Matvælastofnun, Skipulagsstofnun, Hafrannsóknastofnun, Orkustofnun, Landssambandi fiskeldisstöðva, Landsambandi veiðifélaga auk annarra. Gögn voru send á sveitarfélagið Norðurland og óskað að þau yrðu gerð aðgengileg auglýsingatíma m.a. á vefsíðu sveitarfélagsins.

2. Afstaða til mats á umhverfisáhrifum:

Skipulagsstofnun barst tilkynning frá Íslandsbleikju ehf.(nú Samherji fiskeldi ehf.) þann 7. mars 2017 um framleiðsluaukningu úr 1.600 tonnum í 3.000 tonn á ári í eldisstöð fyrirtækisins að Núpsmýri í Öxarfirði. Skipulagsstofnun mat það svo að framkvæmdin væri ekki háð mati á umhverfisáhrifum þann 9. júní 2017. Í niðurstöðu stofnunarinnar kemur fram að aukningin sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif sbr. viðmið í viðauka 3 í lögum um mat á umhverfisáhrifum. Umhverfisstofnun sendi inn umsögn þann 23. mars 2017 og 16. maí 2017 vegna mats á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar. Umhverfisstofnun benti á að gæta þurfi vel að frárennismálum. Ekki hafi orðið vart við uppsöfnun næringarefna við núverandi starfsemi og aukning framleiðslu ekki talin auka á það þar sem mengunarvarnir verða eflar og muni því ekki hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér.

Í ákvörðun Skipulagsstofnunar kom fram að helstu neikvæðu umhverfisáhrif eldisins væru næringarefnalosun sem líklegt er að muni þynnast hratt í neðsta hluta Brunnár/Sandár og í sjó og því ekki líklegt að framkvæmdin muni hafa neikvæð áhrif á straumvötn eða lífríki þeirra. Umhverfisstofnun telur líkt og Skipulagsstofnun að áhrifin verði takmörkuð en jafnframt að með þeim hreinsibúnaði sem rekstaraðilinn notast við sé næringarefnalosun í viðtakan takmörkuð. Umhverfisstofnun er sammála

niðurstöðu Skipulagsstofnunar og er það í samræmi við innsenda umsögn stofnunarinnar vegna framleiðsluaukningarinnar.

3. Athugasemdir sem bárust á auglýsingatíma vegna starfsleyfistillögunnar og viðbrögð Umhverfisstofnunar:

Umhverfisstofnun bárust fjórar umsagnir við starfsleyfistillöguna á auglýsingatíma. Umsagnirnar voru frá Orkustofnun, Landsambandi veiðifélaga, Gunnari Einarssyni að Daðastöðum og frá Sigurði Sigurjónssyni hrl. fyrir hönd landeigenda að Núpi.

Hér á eftir fylgir útdráttur úr umsögnum aðilanna og viðbrögð Umhverfisstofnunar við þeim athugasemdum sem þar koma fram:

Orkustofnun sendi inn athugasemd/ábendingu þann 27. nóvember 2018.

- *Orkustofnun bendir á að afla þarf nýtingarleyfis með vísan til ákvæða laga um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu nr. 57/1998 vegna grunnvatns. Leyfið sé nauðsynleg forsenda starfsleyfisins, eins og einnig kemur fram í áliti Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum fiskeldisins vegna málsins.*
- Umhverfisstofnun lítur ekki svo á að það nýtingarleyfi sé forsenda fyrir útgáfu starfsleyfis. Um er að ræða mismunandi leyfi sem rekstraraðili þarf að afla sér, auk rekstrarleyfis Matvælastofnunar og leyfi sveitarfélags. Rekstraraðilanum hefur verið bent á þetta bæði í matsferli og við starfleyfisgerð.

Landsamband veiðifélaga sendi inn umsögn þann 19.12.2018.

- *Landsamband veiðifélaga leggur áherslu á að við vinnslu á tillögunni verð lögð áhersla á að tryggja að allur öryggisbúnaður sé þannig að fiskar sleppi ekki frá stöðinni.*
- Umhverfisstofnun leggur áherslu á að eldið fylgir ströngum kröfum um fiskeldi þar sem frárennslisvatn fari í gegn um stálgrindur og/eða tromlusíur sem koma í veg fyrir að fiskur sleppi.

Gunnar Einarsson að Daðastöðum sendi inn umsögn þann 26.12.2018.

- *Gunnar Einarsson gerir athugasemdir við frárennsli stöðvarinnar, losun settjarna og vatnsdælingu úr borholum á svæðinu sem hann telur hafa áhrif á grunnvatnsstöðu svæðisins.*
- Umhverfisstofnun leggur áherslu á að í nýju starfsleyfi er gerð strangari krafa á rekstraraðila að losa settjarnir reglulega, en slíkt ákvæði var ekki eins skýrt í eldra starfsleyfi. Einnig mun rekstraraðili notast við tromlusíur til að hreinsa stórar lífrænar leifar frá eldisvatni sem renni frá stöðinni. Þannig mun nær eingöngu uppleyst næringarefni berast út í viðtakann. Frárennsli sveltikerja mun vera inn á frárennsli sem fer í settjarnir.
- Samkvæmt því sem fram kemur í fyrirætlunum rekstraraðila þá mun aukið vatnsmagn til starfseminnar að mestu verða mætt með sjódrenum og dælingu og því að litlu leyti bætt við úr borholum á svæðinu. Samkvæmt umsögn Orkustofnunar þá bendi rannsóknir og reynsla af svæðinu til þess að fyrirhuguð framkvæmd hafi

ekki áhrif á grunnvatnsstöðu svæðisins. Umhverfisstofnun bendir samt sem áður á að rekstaraðila ber að verða sér úti um nýtingarleyfi frá Orkustofnun vegna borhola líkt og bent hefur verið á hér að framan.

Sigurður Sigurjónsson hrl. fyrir hönd landeigenda að Núpi í Norðurþingi sendi inn umsögn þann 27.12.2018.

- *Gerð er athugasemd við útgáfu starfsleyfisins í heild þar sem samningar milli landeiganda og rekstaraðila um nýtingu/leigu landsins eru í uppnámi og verða að öllum líkindum ekki endurnýjaðir. Samningur um landið rennur út árið 2022. Einnig eru gerðar athugasemdir við frárennsli og nýtingu á vatni.*
- Umhverfisstofnun vísar til fyrri umsagnar frá Gunnari Einarssyni varðandi vatnstöku vegna aukinnar framleiðslu.
- Umhverfisstofnun vísar til fyrri umsagnar frá Gunnari Einarssyni varðandi frárennsli vegna aukinnar framleiðslu.
- Umhverfisstofnun bendir á að hún veitir leyfi til ákveðins rekstar á ákveðnum stað. Hafi rekstaraðili ekki lengur umráðarétt yfir landi eða aðstöðu þar sem starfsemin á að eiga sér stað er ekki hægt að nýta leyfið nema breytingar komi til. Stofnunin gengur út frá því að rekstraraðili hefi heimildir skv. slíkum einkaréttarlegum gerningum til að hafa starfsemina á þeim stað sem segir í starfsleyfi.